



Borgarráð

Erindisbréf starfshóps um betri rekstur og afkomu Bílastæðahúsa Bílastæðasjóðs

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um betri rekstur og afkomu Bílastæðahúsa Bílastæðasjóðs eru lögð fram til kynningar.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf starfshóps um betri rekstur og afkomu Bílastæðahúsa Bílastæðasjóðs, drög.



ERINDISBRÉF

Starfshópur um betri rekstur og afkomu Bílastæðahúsa Bílastæðasjóðs

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjóri

Inngangur:

Á fundi borgarráðs 1. desember 2022 voru samþykktar breytingatillögur meirihlutans við frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2023 sem felast í hagræðingaraðgerðum. Tillaga 31 fólst í tillögum að bættum rekstri og afkomu Bílastæðahúsa Bílastæðasjóðs. Í samstarfsáttmála Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar segir „Við ætlum að endurskoða bílastæðastefnuna, bæta þjónustu bílastæðasjóðs og beita virkri verðstýringu.“ Í nýsamþykktari ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar frá 2020 er kveðið á um sjálfbæra ferðapjónustu ásmat því að í nýsamþykktari atvinnu og nýsköpunarstefnu frá 2022 er kveðið á um aukið samstarf og samtal borgarinnar og atvinnulífs. Á grundvelli þessarar stefnu plugga er mikilvægt að skoða framtíðar fyrirkomulag bílastæðahúsa Bílastæðasjóðs.

Hlutverk og helstu verkefni:

Að leggja fram tillögur að útfærslu á;

- bættum rekstri og afkomu Bílastæðahúsa Bílastæðasjóðs
- bæta nýtingu bílastæðahúsa
- bætt þjónusta og virk verðsstýring
- samstarf við hótél og bílaleigur þar sem við á
- breytinga á bílastæðagjöldum og gjaldskrá,
- sólarhringsþjónustu með stafrænni umbreytingu
- breyttri nýtingu og umbreytingum og jafnvel úthýsingu eða sölu einstakra húsa að hluta eða í heild,

Mikilvægt er að öll vinna byggji á greiningum, skipulagssýn og Bílastæðastefnu Reykjavíkurborgar ásamt markmiðum í samstarfsáttmála. Uppfærð verði greining á framtíðarrekkstri bílastæða frá 2017.

Starfshópurinn skipa:

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, samgöngustjóri, formaður

Rakel Elíasdóttir, Bílastæðasjóði

Helena Rós Sigmarsdóttir, fulltrúi eignasjóðs á fjármála- og áhættustýringasviði

Óli Örn Eiríksson, atvinnu- og borgarþróunarteymi á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

Starfsmaður:

Lilja Sigurbjörg Harðardóttir, umhverfis- og skipulagssviði

Til ráðgjafar og samstarfs:



Reykjavíkurborg

Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfshópurinn haldi stöðufundi með borgarstjóra og formanni borgarráðs
Starfshópurinn hafi samráð við hagaðila s.s. SAF og SVP.

Starfstímabil:

Frá 9. mars til 9. júní 2023.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

DRÖG